



N1-mót KA 2022
Handbók

Efnisyfirlit



.....	1
N1-mót KA 2022	1
Handbók	1
Dagskrá:	3
Miðvikudagurinn 29. Júní	3
Fimmtudagurinn 30. Júní:.....	3
Föstudagur 1. Júlí:	4
Laugardagur 2. Júlí:.....	4
Leikreglur:.....	4
Gagnlegar upplýsingar.....	5
Vallarplan:	6
Fleiri gagnlegar upplýsingar:	7
Matur:.....	7
Gagnlegir hlekkir:.....	9
Bílastæði:.....	10
Sund:.....	11
Bíó:.....	11
Tjaldsvæði:.....	11
Mótstjórn:.....	13
Annað:	13

Dagskrá:

Miðvikudagurinn 29. Júní

10:00: Skólar opna. Gist í Lundarskóla, Brekkuskóla, VMA, Rósenborg, Íþróttahöllinni og Glerárskóla.

Umsjónarmenn skólanna eru eftirfarandi:

VMA – Jonni: s. 772-2289

Brekkuskóli – Þengill/Stefán: 6993392 / 6967045

Lundarskóli – Egill: 6643838

Rósenborg – Egill: 6643838

Íþróttahöllinn – Egill: 6643838

Glerárskóli – Ómar: 8498315

11:00-14:00 – Afhending mótsgagna í KA-heimilinu inn í fundarsal. Fulltrúi frá öllum félögum þarf að koma og sækja armbönd og mótsgjafir!! Mótsgögn og gjafir eru afhent fyrir félögin í heild sinni, ekki fyrir stök lið.

12:00-21:30 – Leikir hefjast á hádegi og er spilað til 21:30 á 16 völlum. Tólf vellir á KA-svæði og fjórir vellir á Akureyrarvelli (niður í bæ, við Hólabraut)

22:30 – Fararstjórafundur í KA-heimilinu. Mjög mikilvægt að einn frá hverju einasta félagi mæti á fundinn. Boðið upp á léttar veitingar á fundinum. Tekur um 30 mínútur.

Leikið er 2x12 mínútur á miðvikudeginum.

Fimmtudagurinn 30. Júní:

8:30-18:25: Leikir hefjast 8:30 og er spilað til 18:25 á 12 völlum á KA svæðinu og fjórum völlum á Akureyrarvelli.

21:00: Fararstjórafundur í KA-heimlinu. Mjög mikilvægt að einn frá hverju einasta félagi mæti á fundinn. Boðið upp á léttar veitingar á fundinum. Tekur um 30 mínútur.

Leikið er 2x15 mínútur á fimmtudeginum

Föstudagur 1. Júlí:

8:30-19:55: Leikir hefjast 8:30 og er spilað til 19:55 á 12 völlum á KA-svæðinu (engum á Akureyrarvelli).

20:30: Risa tónleikar og verðlaunafhendingar í Íþróttahöllinni við Skólastíg. Flottustu tónlistarmenn landsins stíga á stökk. Allir keppendur hvattir til að mæta og einn liðstjóri með hverju liði.

21:30: Þjálfurum allra liða boðið í Skógarböðin. Þarf að staðfesta mætingu með tölvupósti á n1mot@ka.is

Leikið er 2x15 mínútur á föstudeginum. Eftir hádegið hefst úrslitakeppni og þá er farið beint í vítaspyrnukeppni ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma. Hvort lið fær að taka 3 víti. Ef er jafnt eftir það þarf að taka víti í bráðabana.

Laugardagur 2. Júlí:

8:00-16:30: Úrslitadagur á N1-mótinu.

Verðlaun eru veitt eftir hvern úrslitaleik og leik um 3. Sæti. Veitt eru verðlaun fyrir 1.-3. Sæti í hverri keppni!

Leiktími er 2x15 mínútur en ef er jafnt eftir venjulegan leiktíma þá er farið beint í vítaspyrnukeppni Hvort lið fær að taka 3 víti. Ef er jafnt eftir það þarf að taka víti í bráðabana.

Leikreglur:

LEIKREGLUR N1 MÓTSINS

EINS OG VENJAN ER ÞEGAR KNATTSPYRNA ER LEIKIN ÞARF AÐ FARA EFTIR ÁKVEÐNUM REGLUM. REGLUR N1 MÓTSINS ÁRIÐ 2022:



- Leikinn er 7 manna bolti á mini-völlum, leiktíminn er 2x12 mínútur í forkeppninni – annars er spilað 2x15 mínútur, leikhlé er 1 mínúta.
- Skiptingar á leikmönnum eru frjálssar.
- Ekki eru tekin innköst – heldur innspörk eða knattrak sbr. nýjar reglur á Íslandsmóti 5. flokks.
- Markmanni er óheimilt að taka boltann upp með höndum, sendi samherji boltann aftur til hans. Gerist það skal dómari færa knöttinn beint út á vítateiginn og dæma aukaspyrnu.
- Verði lið jöfn að stigum í riðlakeppni ræður markamunur og síðan fleiri skoruh mörk. Annars gilda innbyrðis viðureignir og að öðrum kosti hlutkesti.
- Verði jafntefli í lok leikja í úrslitakeppni skal fara fram vítaspyrnukeppni. Þrjár vítaspyrnur á hvort lið. Verði enn jafnt eftir þrjár spyrnur skal grípa til bráðabana.
- Óheimilt er að leika á skráfutakkaskóm.

Gagnlegar upplýsingar



Hér má sjá kort af Akureyri en inn á það hafa verið merktir allir staðir sem mikilvægir eru fyrir þátttakendur N1-mótsins.

KA-svæðið er miðpunktur mótsins og þar fara nær allir leikir mótsins fram. Leikið verður á 16 völlum, þar af á 12 völlum á KA-svæðinu. Fjórir vellir verða á Akureyrarvöllum við Hólabraut (13-16).

Þá eru allar máltíðir framreiddar í KA-heimilinu, þ.e. morgun-, hádegis- og kvöldmatur. Kvöldskemmtunin á föstudagskvöldinu er haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri (við Brekkuskóla).

Gist verður á þónokkrum stöðum, aðallega skólum, um allan bæ. Gist verður í Brekku-

skóla, Íþróttahöllinni, Glerárskóla, Verkmenntaskólanum, Lundarskóla og Rósenborg. Kæligámur verður við Glerárskóla, Verkmenntaskólann og Brekkuskóla/Rósenborg.

Umgenngisreglur eru hengdar upp í skólanum og lögð er áhersla á að fararstjórar og þjálfarar sjái til þess að þeim sé framfylgt. Gæsla verður í skólunum og upplýsingar um umsónarmenn skólanna má nálgast á n1.ka.is


Arion Banki býður þátttakendum á N1-mótinu í bíó. Myndin sem ræðrir er *Minions: The Rise of Gru* og er hún sýnd í Nýjabíó (Sambíóin) í miðbænum (sjá umfjöllun á bls. 42). Mjög mikilvægt er að liðin mæti á þeim tíma sem þeim hefur verið úthlutað og

að þau sé stundvís.

Eitt tjalðsvæði er fyrir mótsgesti og er það að Hömrum, norðan við Kjarnaskóg. Á Hömrum er skemmtilegt fjölskyldutjalðsvæði með fjölda leiktækja fyrir börn á öllum aldri. Hamrar eru í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá KA-svæðinu og miðbænum.

Eins og á fyrri N1-mótum býður KA gestum sínum í sund. Þátttakendur, þjálfarar og fararstjórar geta sér að kostnaðarlausu farið í sund í Sundlaug Akureyrar einu sinni á dag á meðan móti stendur gegn framvisun þátttökuarmbands. Afgreiðslutími Sundlaugarinnar er kl. 6:45-21:00 alla virka daga og frá 08:00-21:00 á laugardeginum.

Vallarplan:



Fleiri gagnlegar upplýsingar:

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

MÓTSSTJÓRN

Mótsstjórn verður í KA-heimilinu og er fólki benti á hana ef sérstök tilvik er um að ræða. Ef nauðsyn krefur er hægt að ná í mótsstjórn í síma 462 3482 og á n1mot@ka.is.

ÚRSLITIN Á NETINU

Á meðan keppni stendur mun heimasíða N1 mótsins, n1.ka.is verða uppfærð reglulega og munu úrslit leikja birtast þar eins fljótt og auðið er. Auk þess sem þar er að finna allar helstu upplýsingar um mótið. Leikjaplan og úrslit verða einnig gerð aðgengileg hér: <https://n1motid.torneopal.com/>

LEIKIR, ÞRAUTIR & VEITINGASALA

Segja má að hluti KA-heimilisins breytist í stærðarinnar mótuneyti á meðan á mótinu stendur. Boðið verður upp á morgun-, hádegis- og kvöldmat fyrir þátttakendur,

þjálfara og fararstjóra. Veitingasalan verður opin alla mótisdagana og boðið verður upp á kaffi, kakó, grillaðar samlokur, gosdrykki, ávaxtasafa o.fl.

HUNDAHALD BANNAÐ

Athygli mótsgesta er vakin á því að allt hundahald er stranglega bannað á KA-svæðinu á meðan á mótinu stendur.

PEDROMYNDIR

Ljósmyndarar frá Pedromyndum verða sem endranær áberandi á N1 mótinu. Þeir koma til með að taka fjöldan allan af myndum sem birtar verða á heimasíðu Pedromynda, pedro.is, þar sem fólk getur skoðað þær og pantað. Einnig verða myndir til sölu á mótssvæðinu. Teknar verða liðsmyndir á N1 mótinu. Myndatakan fer fram á föstudeginum frá kl. 11:00-16:00 við myndasöluverkið sem sett verður upp á KA-svæðinu. Mikilvægt er að fararstjórar mæti tímanlega í myndatöku með sitt lið. Myndirnar verða aðgengilegar

eftir að mótinu lýkur á heimasíðu N1, n1.is og á Facebooksíðu fyrirtækisins. Einnig verður hægt að panta ljósmynd af liðinu á pappír á heimasíðu Pedromynda, pedro.is.

FJÖLMIÐLAÁHUGI

Stöð 2 Sport mun mæta á N1-mótið, tólfta árið í röð. Þar ætla fréttamenn ásamt einvala liði tæknifólks að fanga hina ógleymanlegu stemmingu sem ríkir á mótinu og gera henni góð skil í sérstökum þætti sem sýndur verður síðar í sumar. Þá sýnir KA-TV beint frá mótinu en hægt er að fylgjast með útsendingum þeirra í gegnum YouTube-rás KA (Knattspyrnufélag Akureyrar) og þá verða skjáir með útsendingum í kaffisölunni. Til að gera N1-mótið enn skemmtilegra og líflegra mun Tjörvi Jónsson sjá um að útbúa mótssmyndband sem sýnt verður á kvöldskemmtuninni sem fram fer í Íþróttahöllinni á föstudagskvöldinu. Til þess nota þeir allskonar græjur og ná því afar skemmtilegu myndefni yfir keppnisvæðið

Matur:

Allur matur er framreiddur í KA-heimilinu. Það fer enginn inn í matsalinn án þess að hafa armband (keppnisband). Hægt er að skipta út liðstjóraarmbandinu hjá liðunum fyrir matarmiða hjá mótsstjórn. Ekki er hægt að leyfa auka foreldrum og liðstjórum að fylgja með í matsalinn, aðeins þeir sem eru með armband eða matarmiða fá að fara inn.

Tímasetningar á matnum eru eftirfarandi:

Morgunmatur: 07:00-09:30

Hádegismatur: 11:30-14:00

Kvöldmatur: 17:00-20:00

Hægt er að kaupa matarmiða fyrir systkini/foreldra í KA-heimilinu:

Allar tilkynningar um ofnæmi þurfa að berast á netfangið n1mot@ka.is áður en mótið hefst svo hægt sé að bregðast við því!

Morgunmatur alla dagana í íþróttahúsi KA

Morgunmatur: Brauð, álegg, súrmjólk, morgunkorn, ávextir og fl.

Miðvikudagur 29. júní

Íþróttahús KA

Kvöldmatur: Kjúklingur og meðlæti

Fimmtudagur 30. júní

Íþróttahús KA

Hádegismatur: Ítalskar kjötbollur og meðlæti.

Kvöldmatur: Pasta carbonara, hvítlauksbrauð og meðlæti.

Föstudagur 1. júlí

Íþróttahús KA

Hádegismatur: Lasagne, brauðbollur og meðlæti.

Kvöldmatur: Grísnitsel í raspi, rauðkál og brún sósa.

Lauvardagur 2. júlí

Íþróttahús KA

Hádegismatur: Kjúklingabringur, hrísgrjón og karrísósa.

Morgunmatur alla dagana í íþróttahúsi KA

Morgunmatur: Brauð, álegg, súrmjólk, morgunkorn, ávextir og fl.

Miðvikudagur 29. júní

Kvöldmatur: Kjúklingur og meðlæti.

Fimmtudagur 30. júlí

Hádegismatur: Ítalskar kjötbollur og meðlæti.
Kvöldmatur: Pasta Carbonara, hvítlauksbrauð og meðlæti.

Föstudagur 1. júlí

Hádegismatur: Lasagne, brauðbollur og meðlæti.
Kvöldmatur: Grísnitsel í raspi, rauðkál og brún sósa.

Lauvardagur 2. júlí

Hádegismatur: Kjúklingabringur, hrísgrjón og karrísósa.

Gagnlegir hlekkir:

Sýnt er beint frá öllum leikjum á velli 8 á mótinu (N1-völlurinn):

<https://www.youtube.com/c/KATVAkureyri>

Leikjaplan mótsins er að finna hér: <https://n1motid.torneopal.com/> -
allar athugasemdir við planið sendast á n1mot@ka.is

Heimasíða mótsins: <http://fotbolti.ka.is/n1-motid>

Bílastæði:

Hægt er að leggja bílunum við: Dalsbraut, Þingvallastræti. Síðan eru bílastæði við Lundarskóla, Lundarsel, Pálmholt. Gestir N1-mótsins eru vinsamlegast beðnir um að leggja ekki bílunum í íbúðagötum nálægt svæðinu. Hér er kort af góðum bílastæðum:

P BÍLASTÆÐI
Á N1 MÓTINU DAGANA 29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ 2022

PRENGING
Á ÞINGVALLASTRÆTI
FRÁ HRISALUNDI AÐ
MYRARVEGI

EINSTEFNA
Á DALSBRAUT TIL
SUÐURS
FRÁ KA HEIMILI

P ICELAND AIR
HOTEL ⚡ 7 mín.

P ÍÞRÓTTAHÖLL/
SUNDLAUG ⚡ 9 mín.

P VERKMENTASKÓLINN
⚡ 11 mín.

TIL AÐ FORDAST SEKTIR ER AÐSTANDENDUM KEPPENDA BENT Á AÐ NOTA EINGUNGIS MERKT BÍLASTÆÐI SEM ÆTLUÐ ERU TIL NOTKUNAR Á MEÐAN MÓTI STENDUR.

BÍLASTÆÐI OG HELSTA ÞJÓNUSTA ER Í GÖNGUFÆRI VIÐ KA SVÆÐIÐ

Á AKUREYRI ER FRÍTT Í STRÆTÓ
SJÁ LEIÐIR: www.straeto.is

FRÍTT Í STRÆTÓ

Sund:

Innifalið í mótsgjaldi N1 mótsins er frítt aðgengi alla keppnisdagana í Sundlaug Akureyrar. Til að komast frítt í sund ber þátttakendum að sýna armbandið sitt.

Opnunartími sundlaugarinnar:

Mánudaga - föstudaga 6:45 - 21:00

Laugardaga og sunnudaga 8:00 - 21:00

Athugið að mikil örtröð getur myndast í sundlauginni og hugsanlega þurfa starfsmenn sundlaugarinnar að hleypa inn í laugina í "hollum".

Bíó:

Öllum þátttakendum er boðið í bíó rétt eins og fyrri ár. Myndin sem varð fyrir valin í ár er Minions: The Rise of Gru og er hún sýnd í Nýja bíó . Myndin er um 1 klukkutími og 30 mínútur að lengd.

Tjaldsvæði:

Við bjóðum gesti velkomna á tjaldsvæðið á Akureyri í sambandi við N1 mótið. Nú er aðeins eitt tjaldsvæði á Akureyri en það er að Hömrum við Kjarnaskóg, því tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti hefur verið lokað.

Á Hömrum munum við merkja svæði fyrir þau félög sem hafa samband við okkur og óska eftir að fá að halda hópinn. Við þurfum að fá áætlaðar fjöldatölur sem fyrst en í síðasta lagi fyrir 25. júní. Þessi svæðaskipting er þó eingöngu til viðmiðunar og þæginda fyrir tjaldgestina en ekki hægt að líta á skiptinguna þannig að viðkomandi blettur sé frátekinn fyrir ákveðið félag. Við getum ekki vísað tjaldsgestum frá sem þegar eru á svæðinu hyggjast dvelja hjá okkur um lengri tíma vegna einhverra sem hugsanlega eiga eftir koma síðar. Við getum ekki ábyrgst að allir nái að halda hópinn.

Stranglega er bannað að tjaldgestir sem koma fyrir á svæðið helgi sér svæði fyrir þá sem seinna koma. Sama á við aðgengi að rafmagnstenglum.

Tjaldsvæðið að Hömrum er stórt og getur tekið á móti mjög mörgum gestum og þar eru yfir 200 tenglar til rafmagnstenginga. Um N1 mótið verða takmarkanir á því að hafa bíla hjá gistieiningum svo fleiri komist fyrir á tjaldflötunum.

Við gerum okkar besta til að skipuleggja móttöku tjaldgеста þannig að sem flestir fái þá þjónustu sem þeir óska eftir. Mikil ásókn hefur verið í það að láta merkja svæði fyrir ákveðin félög. Það hefur komið fyrir á undanförunum árum að við höfum merkt félögum svæði fyrir ákveðinn fjölda gistieininga en síðan hafa miklu færri mætt. Það er mikilvægt að félögin reyni að áætla fjölda gistieininga eins nákvæmlega og hægt er.

Á undanförunum árum hefur það færost í vöxt að félög hafi boðað til grillveislna eða annarra viðburða inni á tjaldsvæðinu að Hömrum. Þetta hefur orsakað mikinn óþarfa akstur um svæðið og valdið tjaldgestum hættu og ónæði. Af þessum sökum hefur verið ákveðið að heimila ekki slíkar samkomur inni á svæðinu.

Gistigjöld á tjaldsvæðunum er kr. 1.900,- pr. nótt fyrir 18 ára og eldri. Á Hömrum er veittur afsláttur ef greitt er fyrir fleiri nætur í einu við komu.

Fyrsta nóttin er á kr. 1.900,- og aðrar nætur á 1.700. Ath. Þetta á eingöngu við ef greitt er fyrir allar næturnar í einu.

Aðgangur að rafmagni kostar kr. 1.200 pr. sólarhring. En ekki er víst að allir nái að tengja sig við rafmagn þessa helgi. Þvottur kostar kr. 500. Þvottaefni kr. 100 og þurrkari kr. 500. pr. skipti. Aðgangur að sturtum er inni í gistigjaldinu að Hömrum en við biðjum gesti að vera tillitsama og vera ekki lengi í sturtu.

Mótstjórn:

Til að hafa samband við mótsstjórn er þægilegt að senda tölvupóst á netfangið n1mot@ka.is eða í síma 462-3482.

Eftir að mótið hefst og þið hafið einhverjar athugasemdir eða spurningar þá er um að gera að kíkja í mótsstjórnarherbergið hjá okkur. Mótstjórn er að finna inn í félagsheimili KA á meðan móti stendur, við KA-völlinn.

Mótsstjórn N1 mótsins

Ágúst Stefánsson (agust@ka.is) - 849-3159

Sævar Pétursson (saevar@ka.is) – 690-4232

Siguróli Magni Sigurðsson (siguroli@ka.is) – 692-6646

Annað:

Mótsgjald

Einungis þeir sem greiða mótsgjald fá armband sem gildir sem fullgildur þátttakandi á mótinu, þegar raðað er í skólastofur og matur eldaður er miðað við þá sem greiða fyrir aðgang. Mótsgjald skal greitt 10. júní með því að leggja inn á reikning KA. 0162-26-1660. Kt. 510991-1849 og muna að taka fram hvaða lið er að greiða, senda kvittun á n1mot@ka.is

Upplýsingar varðandi greiðslu skal senda á n1mot@ka.is

Ýmislegt

Gefið verður út veglegt N1 mótsblað þar sem sjá má allar helstu upplýsingar um mótið ásamt öðrum fróðleik.

Hundar eru stranglega bannaðir á KA-svæðinu. Biðjum við fólk að virða þessa reglu þar sem komið hafa upp atvik þar sem bæði ofnæmisviðbrögð og ofahræðsla barna hafa átt sér stað.

Það eru vinsamleg tilmæli að nota einungis einbreiðar vindsængur.

Veitingasala er í KA-heimilinu.

Það eru vinsamleg tilmæli til allra liða að biðja aðstandendur að gefa strákunum næði til þess að spila skemmtilega leiki og ekki síst að háttvísi verði í hávegum höfð, vinsamlega komið þeim skilaboðum til fylgismanna liða að standa ekki inn á völlum þegar leikir fara fram.